

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Grindavíkurbæ.**

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald og tunnuleiga  
Sorpeyðingargjald

6.500 kr. á hvert sorphlát  
12.130 kr. á hvert sorplát

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Grindavík, 31. desember 2003.*

F.h. Grindavíkurbæjar,

**Jón Þórisson** fjármálastjóri.